

Hrísey með sama skipi, sem átti að flytja síld þá er ræðir um í þessu máli, virðist þessi krafa stefnanda ekki vera of há. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 1613 kr. 15 a., með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þettum úrslitum verður og að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað, er ákveðst 40 krónur.

---

Mánudaginn 4 apríl 1921.

Nr. 35/1921.

**Rjettvísinn**

(L. Fjeldsteð)

gegn

**Kristjáni Daða Bjarnasyni,**

**Gústaf Sigurbjarnasyni,**

**Guðjóni Guðmundssyni,**

**Ólafi Magnússyni,**

**Önnu Lydiu Steinunni Thejl**

**og Vidar Vik**

(E. Claessen, P. Magnússon og

Guðm. Ólafsson),

sem eru ákærð fyrir brot gegn 23. kapitula hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 1. desbr. 1920: Hinir ákærðu Tómas Tómasson, Niels Petersen og Geir Pálsson eiga að vera sýknir af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Hinir ákærðu Kristján Daði Bjarnason og Gústaf Sigurbjarnason sæti betrunarhúsvinnu, Kristján Daði í 12 mánuði en Gústaf í 9 mánuði.

Hin ákærðu Siggeir Siggeirsson, Jón Einarsson, Helgi Skúla-son, Svedenborg Albert Ólafsson, Brynjólfur Magnús Hannesson, Steingrímur Klingenberg Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Ólafur Magnússon, Anna Lydia Steinun Thejl og Vidar Vik sæti fangelsi við vatn og brauð, Siggeir í 6×5 daga, Jón í 5×5 daga, Vidar Vik í 4×5 daga, Svedenborg Albert, Guðjón og Lydia í

3×5 daga hvert, Helgi í 2×5 daga, Brynjólfur Magnús og Ólafur í 5 daga hvor, og Steingrímur Klingenberg í 3 daga.

Fullnustu refsingar þeirra Siggeirs Siggeirssonar, Jóns Einarssonar, Helga Skúlasonnr, Svendenborgs Alberts Ólafssonar, Brynjólfs Magnúsar Hannessonar og Steingríms Klingenberg's Guðmundssonar, skal frestað og hún falla niður, nema þeir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp, drygðan af ásettu ráði, og sjeu í því máli dæmdir til þyngri hegningar en sekta.

Hinir ákærðu Kristján Daði Bjarnason, Gústaf Sigurbjarnason og Jón Einarsson greiði in solidum Sigurði kaupmanni Hallssyni kr. 422,50 í iðgjöld.

Í málsvarnarlaun fyrir nina ákærðu Tómas Tómasson og Geir Pálsson greiðist hinum skipaða talsmanni þeirra, Eggert Claessen hæstarjettarmálaflutningsmauni, 50 krónur úr ríkissjóði.

Ákærða Lydia Thejl greiði sama skipuðum talsmanni sínum 25 krónur í málsvarnarlaun sjerstaklega.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu Siggeir Siggeirsson og Kristján Daði Bjarnason in solidum að hálfu, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin önnur dómfeldu in solidum.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur hæstarjettar

Mál þetta hefir verið flutt skriflega.

Svo sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, fór ákærði Vidar Vik í bifreið sinni með þeim Siggeiri Siggeirssyni og Þorkeli Ottesen í septembermánuði f. á. niður að horni á húsi Guðmundar Eiríkss við Hafnarstræti og beið þar í bifreiðinni með Þorkeli meðan Siggeir fór í lokað vörugeymslurúm Árna Benediktssonar heildsala í sömu götu, opnaði það með þjófalykli, tók þaðan 3 stranga af tvisttaui, ljet þá í poka, er Vidar Vik lagði til, og fluttu þeir þessar vörur í bifreiðinni til verslunar ákærða, Lauga-veg 44, og fjekk hann þær. Ákærði hefir kannast

við, að hann hafi ekið með þeim Siggeiri og Þorkeli í nefndan stað í bifreiðinni, en eigi þótst muna, hvert erindið hafi verið, og þó eigi viljað vefengja, að skýrsla þeirra um það, að þeir hafi þá ekið heim vörum, er hann hafi keypt af Siggeiri, væri rjett. Það þykir eftir þessu og öðru því, er upplýst er í málinu um viðskifti Siggeirs og ákærða, vera næg ástæða til að lita svo á, að ákærði hafi vitað, að Siggeir ætlaði að taka og tók að ófrjálsu umgetna vörustranga, og verður hann því að teljast meðsekur honum um þennan verknað. En með því að eigi verður fullyrt, að ákærði hafi vitað að vörurnar voru fengar með innbroti, verður að heimfæra þessa hlutdeild hans undir 230. gr. sbr. 49. gr. hinna almennu hegningarlaga. Með tilliti til þessa og annara afbrota ákærða, sem í dómnum eru rjettilega heimfærð undir 240. gr. hegningarlaganna, ákveðst refsing hans með hiðsjón af 63. gr. 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo skal hann og samkv. lögum nr. 10, 18. maí 1920, 4. gr. 2. málsl., með því að hann er útlendingur og hefir eigi dvalist full 5 ár á Íslandi, verða af landi burt, þegar hann hefir þolað þessa refsingu.

Afbrot ákærða Guðjóns Guðmundssonar ber að heimfæra undir 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir hann 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærða Kristján Daða Bjarnason ber einnig að dæmi fyrir samverknað í stuldi á stigvjelum úr pósthúsgarðinum, svo og eftir 230. sbr. 53. gr. hegningarlaganna fyrir áhrif á bróður sinn.

Brot hinna ákærðu eru að öðru leyti í dómnum rjett heimfærð undir þær greinir hegningarlaganna, sem þar eru taldar, en refsingu Gústafs Sigur-

bjarnasonar þykir eftir atvikum mega ákveða 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Með þessum breytingum ber að staðfesta dóminn samkvæmt þar greindum ástæðum, að svo miklu leyti sem honum er áfrýjað.

Hin ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins á þann hátt er síðar segir.

Það athugast, að fæðingarvottorð ákærðu Guðjóns Guðmundssonar, Lydiu Thejl og Ólafs Magnússonar hafa eigi veri lögð fram í málinu, og eigi heldur hegningarfóttorð fyrir ákærðu Lydiu Thejl úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Því dæmist rjett vera:

Refsing ákærða Gústafs Sigurbjarnasonar ákveðst 8 mánaða betrunarhúsvinna, ákærða Guðjóns Guðmundssonar 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, ákærða Vidar Vik 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og skal hann verða af landi burt er hann hefir þolað refsinguna.

Að öðru leyti á aukarjettardómurinn, að því leyti sem honum er áfrýjað, að vera óraskaður.

Ákærðu, Gústaf Sigurbjarnason, Ólafur Magnússon og Anna Lydia Steinunn Thejl, greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Eggert Claessen hæstarjettarmálflutningsmanni, 80 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærðu Kristján Daði Bjarnason og Guðjón Guðmundsson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum Pjetri Magnússyni málaflutningsmanni 60 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Viðar Vik greiði skipuðum verjanda sínum Guðmundi Ólafssyni málaflutningsmanni 60 kr. í málsvarnarlaun.

Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknarlaun hins skipaða sækjanda Lárusar Fjeldsted málaflutningsmanns, 150 kr., greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms eru svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvislunnar hálfu fyrir brot á ákvæðum 23. kaþítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 gegn hinum ákærðu: 1) Siggeir Siggeirssyni, Laugaveg nr. 13, 2) Kristjáni Daða Bjarnasyni, Bakkakoti, 3) Gústaf Sigurbjarnasyni, Grettisgötu nr. 1, 4) Jóni Einarssyni, Grettisgötu nr. 16 B, 5) Helga Skúlasyni, Vesturgötu nr. 14 B, 6) Svedenborg Albert Ólafssyni, Skólavörðustíg nr. 22, 7) Brynjólfi Magnúsi Hannessyni, Bjargi, 8) Steingrími Klingenberg Guðmundssyni, Ingólfsstræti nr. 18, 9) Guðjóni Guðmundssyni, Barónsstíg nr. 18, 10) Tómasi Tómassyni, Bergstaðastræti nr. 64, 11) Ólafi Magnússyni, Rauðarárstíg nr. 3, 12) Lydiu Önnu Steinunni Thejl, Grettisgötu nr. 8, 13) Niels Petersen, Baldursgötu nr. 26, 14) Geir Pálssyni, Baldursgötu 34, og 15) Viðar Vik, Hverfisgötu nr. 18, eg eru málavextir að því er hvern einstakan þeirra snertir þeir, er nú skal greina:

Um ákærðan *Siggeir Siggeirsson* er það sannað með eigin játningu hans, er kemur heim við það, er á annan hátt er upplýst í málinu, að hann hafi gjörst sekur um ólöglegt athæfi það, er hjer fer á eftir:

Nóttina milli 30. júní og 1. júlí í ár fór ákærður inn um bakdyrnar á húsinu nr. 3 við Skólavörðustíg, er voru opnar, og inn í herbergi Hagstofunnar, er voru ólæst. Fann hann þar í borðskúffu ónotuð frímerki, tók nokkuð af þeim og seldi síðar fyrir samtals um 40 krónur. Það hefir ekki orðið upplýst, hve

miklu hin stolnu frimerki námu, en nokkuð af þeim hefir Hagstofan fengið aftur. Ákærður kveðst hafa verið mjög drukkin við hið umrædda tækifæri og hafa farið inn í húsið í þeim tilgangi að leggja sig fyrir og sofa úr sjer, en um það hafa eigi fengist aðrar upplýsingar.

Sömu nóttina fór ákærður með þjófalykli, er hann hafði smíðað og bar á sjer, inn í verslunarbúð Pjeturs Hjaltsteds kaupmanns í húsinu nr. 23 við Laugaveg, í þeim tilgangi að stela þar einhverju. Fann hann þar í ólæstum járnstokk á skáphyllu í vinnustofu innar af búðinni c. 250 krónur í bankaseðlum, c. 80 krónur í gullpeningum, dönskum og erlendum og c. 20 krónur í silfurpeningum. Peninga þessa tók ákærður og hagnýtti sjer, nema megnið af gullpeningunum, er hann kveðst hafa fleygt í Ölfusá af ótta við að þjófnaðurinn kæmist upp, ef hann gæfi þá út.

Ákærður var einsamall á báðum þessum stöðum.

Að kvöldi hins 17. eða 19. júní í ár var ákærður og samákærður Kristján Daði Bjarnason suður á Ípróttavelli og voru orðnir peningalausir. Gengu þeir þá inn í bæinn og ráðgudust um það, hvar þeir ættu að fá peninga. Varð það úr að Siggeir fór inn í hús það í Hafnarstræti, er Eimskipafjelag Íslands hefir skrifstofur sínar í og inn í skrifstofurnar með þjófalykli sínum; fann hann þar í ólæstum kassa í ólæstri borðskúffu c. 130 krónur í peningum og hafði á burt með sjer. Kristján stóð niðri á götunni á verði meðan Siggeir var uppi, og er hann kem niður, sagði hann Kristjáni, að hann hefði aðeins tekið 116 krónur og fjekk Kristjáni 55 krónur af þeim í sinn hlut.

Þá fór ákærður tvisvar sinnum í fyrravetur að kvöldi til ásamt Kristjáni og drengnum Þorkeli Ottesen inn í búð Ámunda kaupmanns Árnasonar í húsinu nr. 37 við Hverfisgötu. Opnaði ákærður búðardyrnar með þjófalykli sínum og fóru þeir báðir inn, ákærður og Kristján, en Þorkell stóð úti á verði.

Í fyrra skiftið tóku þeir úr búðinni flauelsstranga, 3—4 aðra vefnaðarvörustanga, 3 ávaxtadósir og eitthvað af vindlingum og ljetu í poka, er þeir höfðu meðferðis. Fóru þeir með þýfið heim til Kristjáns, er hafði leigt herbergi í húsinu nr. 73 við Laugaveg, borðuðu ávextina og reyktu vindlingana. Kvöldið eftir kveðst ákærður hafa farið með flauelsstrangann til samákærðu Lydiu Thejl og selt henni hann fyrir ca 60 krónur. Næsta kvöld kveðst ákærður hafa farið með hina strangana, sem hann man

ekki hvort voru 3 eða 4, og selt sömu þá fyrir 50 krónur. Andvirðinu skiftu þeir fjelagar á milli sín.

Í síðara skiftið, er þeir fóru í búð Ámunda, segir ákærður að þeir hafi tekið 5—6 vefnaðarvörustranga, farið fyrst með þá heim til Kristjáns, og ákærður selt þá síðar samákærðum Vidar Vik. Svo tóku þeir og eitthvað af ávöxtum.

Andvirðinu fyrir þýfið eyddu þeir í fjelagi.

Þá fór ákærði í samráði við Kristján með þjófalykli sínum kvöld eitt í fyrravetur inn í brauðabúð á Laugavegi nr. 68, en Kristján beið úti á meðan. Tók ákærður þar eitthvað af ávöxtum, brauði og smápeningum. Fóru þeir með það heim til Kristjáns á Laugaveg 73 og neyttu þess þar.

Þá fór ákærður bæði í fjelagi við Kristján og einn nokkrum sinnum sumarið 1919 og fram á haustið með þjófalykli sínum inn í kjallara hússins nr. 15 við Hafnarstræti, þar sem Árni Benediktsson heildsali hafði þá vörubirgðir sínar. Kveður ákærður þá Kristján munu hafa tekið í fjelagi um 20 vefnaðarvörustranga, tvisttau og gardínutan, marga pakka af sokkum og marga kassa af handsápu með 3 stykkjum í. Einn kveðst ákærður hafa tekið þar um 10 stranga af álnavöru, 2 kassa af sokkaböndum, 10 pör af karlmannsnærfatnaði og c. 5 stakar nærbuxur.

Þá tóku þeir ákærður og Kristján og seldu 12 pör af kvenstígvjelum, sem orðið höfðu eftir í kassa tilheyrandi Árna Benediktssyni, er var í Pósthúsportinu.

Eins norrúðu þeir ákærður og Kristján Daði Bjarna Jón Bjarnason, 14 ára gamlan dreng, bróður Kristjáns, sem var í þjónustua Árna Benediktssonar síðastliðinn vetur, til þess að taka að ófrjálsu ýmsar vörur frá Árna, er þeir svo seldu og hagnýttu sér andvirði þeirra án þess að Bjarni Jón fengi annað af því, en að þeir tóku hann með á ýmsar skemtunar.

Vörur þessar seldi ákærður, að því er hann heldur fram, samákærðum Vidar Vik, Lydin Thejl og Niels Petersen, og eyddu þeir fjelagar andvirðinu, sem ekki hefir verið upplýst hve miklu hafi numið samtals.

Sunnudaginn 6. júní síðastliðinn kveðst ákærður hafa átt erindi niður á skrifstofu F. C. Møllers heildsala, sem var í húsinu nr. 20 við Hafnarstræti. Hitti hann Kristján og samákærðan Steingrím Klingenberg Guðmundsson á leiðinni niður eftir og slógtust þeir í för með honum og biðu fyrir utan meðan hann fór inn í húsið. Skrifstofur F. C. Møllers voru lokaðar því sunnudagur

var, en eftir því kveðst ákærður ekki hafa munað fyrir en hann kom að dyrunum læstum. Hinsvegar kveður ákærður dyrnar á skrifstofu Guðm. Kr. Guðmundsson & Co., sem eru á sömu hæðinni, hafa staðið opnar í hálfu gátt og fór hann þar inn. Kveðst hann á borðinu og gólfinu í miðskrifstofunni, sem sömuleiðis var ólæst, hafa tekið um 300 krónur í peningaseðlum, er þar hafi legið, og farið með þá niður. Kveðst hann hafa sagt þeim Kristjáni og Steingrími að hann hefði stolið þar peningum og fengið Kristjáni 70 en Steingrími 20 krónur, og síðan veitt þeim mat á veitingasöluhúsi og loks farið með þá í bifreiðarferð. Kristján og Steingrímur kannast við að þetta sje rjett, en þó vill Kristján ekki kannast við að hafa fengið meira en 50 krónur af hinu stolna fé. Ákærður hefir þverneitað því að hafa farið inn í húsið í þeim tilgangi að stela og eins hinu að Kristján og Steingrímur hafi vitað hvað fram fór fyrir en hann kom niður til þeirra og sagði þeim það.

Úr hinni umræddu skrifstofu var stolið þennan dag, að því er kært hefir verið yfir, eða frá því á laugardagskvöld til mánu dags, um 900 krónum í peningum úr vindlakassa í ólæstum skrifborðsskáp í stofu þessari, en frekari upplýsingar um þennan þjófnað hafa ekki fengist.

Ákærður var í þjónustu Viðskiftafélagsins í 4—5 mánaða tíma og fór þaðan um mánaðamótin október og nóvember f. á. Á því tímabili gjörði hann tilraun til að stela primusvjel úr pakkhúsi félagsins við Steinbryggjuna, en vjelin var tekin af honum áður en hann komst burt með hana. Úr sama pakkhúsi stal hann og um þessar mundir að minsta kosti 4 primushausum og seldi þá samákærðum Ólafi Magnússyni á kr. 2,50 stykkið.

Eftir að ákærður var farinn úr þjónustu Viðskiftafélagsins, fóru þeir Kristján og hann í bifreið eitt kvöld fyrir jólin niður að vörugeymsluhúsi félagsins í Kirkjustræti 8 b í þeim tilgangi að stela þar einhverju. Fór ákærður þá einn inn í vörugeymsluna með hinum rjetta lykli, sem hann vissi hvar geymdur var, og tók þar í poka, sem hann hafði meðferðis, 12 pör af strigaskófatnaði, 3 kassa af vindlingum með 500 stykkjum í hverjum og tvo kassa með 50 stykkjum í hvorum. Skófatnaðinn og stærri vindlingakassana seldu þeir Kristján, er beði hafði í bifreiðinni meðan ákærður fór inn í vörugeymsluna, og ákærður samákærðum Niels Petersen; borgaði hann þeim um 70 krónur fyrir skófatnaðinn og um 45 krónur fyrir vindlingana.

Síðar um veturinn fór ákærður á sama hátt einn inn í vörugeymslu þessa og tók þá framundir 10 mille af vindlingum og seldi þá Ingvari Pálssyni kaupmanni fyrir eitthvað á 3. hundrað krónur.

Kl. 7—8 síðdegis dag einn um mánaðamótin júlí og ágúst þ. á. fór ákærður einn um ólæstar bakdyr í húsi Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðs í Veltusundi og komst alla leið inn í sölubúð hans og vinnustofu. Úr sölubúðinni tók ákærður 5 karlmansúr úr ólæstum sýningar skáp, voru 3 þeirra með silfurkössum en 3 með nikkellkössum. Seldi hann úrin síðan 2 kyndurum á e/s „Gullfoss“ fyrir áfengi og öl, og hefir 4 þeirra verið skilað aftur. Þá tók hann og á vinnustofu Magnúsar spiritus á pottflösku tóma, er hann fann þar, úr stórrí glerflösku, er var þar í ólæstum skáp, og hafði á burt með sjer.

Loks hefir ákærður kannast við að hafa fengið hjá drengnum Þorkeli Ottesen, sem var búðardrengur í verslun Markúsar Einarssonar & Co., 4 box af tóbaki og 3 metra af chevioti, sem kostaði kr. 8,55 pr. metra í búðinni fyrir einar 18 krónur, og vissi hann þó að Þorkell tók vörur þessar að ófrjálsu úr búðinni. Verður að líta svo á, að samkomulag hafi verið milli Þorkels og ákærðs um að fremja þjófnað þennan.

Um ákærðan *Kristján Dada Bjarnason* er það sannað með eigin játningu hans, er kemur heim við annað það, er upplýst hefir orðið í málinu, að hann hefir gjört sig sekan í neðantöldu ólögmætu athæfi.

Hann var ásáttur við Siggeir um að drýgja peningaþjófnaðinn í skrifstofu Eimskipafjelags Íslands og tjekk 55 krónur af þýfinu eins og að framan greinir.

Sama er að segja um þjófnaðinn úr búð Ámunda Árnasonar í bæði skiftin.

Svo var og um þjófnaðinn úr braudabúðinni á Laugavegi nr. 68, sem að framan er frá skýrt.

Þá var hann og í fjelagi við Siggeir um þjófnaðinn hjá Árna Benediktssyni og um að narra Bjarna Jón bróður sinn til að taka að ófrjálsu vörur frá Árna, eins og skýrt er frá hjer að framan.

Enn var ákærður með Siggeir, er hann fór í fyrra skiftið og stal vörum úr vörugeymsluhúsi Viðskiftafjelagsins, og höfðu þeir orðið fyrirfram ásáttir um að drýgja þann þjófnað.

Enn tók ákærður við hluta af þýfinu úr skrifstofu Guðm. Kr. Guðmundssonar & Co., eins og að framan er frá skýrt.

Kvöld eitt í aprilmánuði í ár sátu þeir heima hjá ákærðum í herbergi hans á Laugavegi nr. 73, áður nefndur Þorkell Ottesen og samákærðir Gústaf Sigurbjarnason og Jón Einarsson, og voru nokkuð ölváðir, Jón þó mest. Fóru þeir allir út og gengu niður Grettisgötu. Þegar þeir gengu fram hjá húsinu nr. 45 við þá götu, tóku þeir eftir því, að rúða var brotin í glugga í herbergi innar af verslunarbúð Sigurðar Hallssonar kaupmanns, sem er í kjallara hússins. Urðu þeir þá allir fjórir ásáttir um að fara þar inn að stela. Þorkell var sendur heim til ákærðs á Laugaveg 73 eftir þoka undir þýfið. Ákærður reif frá spýtu þá, er negld var fyrir hina brotnu rúðu og tók úr rúðubrot það, sem eftir sat. Fóru þeir Gústaf og hann inn um rúðugatið í herbergið og úr því um ólæstar dyr inn í búðina, tóku þar 3 stranga af floneli, kjóla-tausstranga, tvenn stígvjel, lítillsháttar af vindlingum og súkkulaði, ljeto í pokann og fóru með það heim á Laugaveg 73, seldu síðan þýfið fyrir um 100 krónur og skiftu andvirðinu.

Kvöld eitt seint í mars í ár hittust þeir þrír, ákærður, Gústaf og Þorkell Ottesen á götu. Kom þeim þá öllum saman um að fara inn í vörugeymsluhús Gardars Gíslasonar heildsala í nánd við Franska spítalann og ná í benzín, sem Þorkell vissi að var þar inni. Húsi þessu var læst með vængjahurð. Er önnur hurðin fest áitur með rílum, sem ganga annar upp úr henni en hinn niður í gólfið og dregat sá ríll upp í austurátt. Hinni hurðinni er læst í þessa með læsingarjárnri, sem gengur inn í keng, sem festur er í föstu hurðina.

Reyndu þeir fyrst að komast inn í húsið með því að smeygja járninn inn á milli hurðanna og spenna þær hvora frá annari, en er það tókst ekki, lögðust þeir ákærður og Þorkell fast á hurðina; gaf hún þá eftir og opnaðist. Var tekið eftir því síðar, að neðri endi kengsins, sem hjelt læsingarjárninu, hafði gefið sig frá. Úr húsinu tóku þeir ákærður og Þorkell 3 benzínkassa, en Gústaf stóð á verði á meðan og meðan þeir opnuðu húsið. Með benzíni fóru þeir heim til ákærðs á Laugaveg 73, seldu það daginn eftir á 75 krónur og skiftu með sjer og eyddu andvirðinu.

Þá tók og samákærður Helgi Skúlason í samráði við ákærðan og eftir áeggjan hans að ófrjálsu vörur, er námu um 800 króna virði úr sölubúð föður síns, og seldi ákærður þær, og skiftu þeir Helgi og hann andvirðinu sumu og eyddu sumu í félagi við aðra drengi.

Ennfremur tók drengurinn Ólafur Kristjánsson, sem þá var í

þjónustu Halldórs Eiríkssonar heildsala, í samráði við ákærðan 4 kassa af dósamjólk og afhenti ákærðum 2 en Bjarna Jóni bróður ákærðs 2 í vörugæmslu Halldórs. Seldi ákærður mjólkurkassana og kveðst hafa fengið 10 krónur í sölulaun fyrir hvern.

Ákærður *Gústaf Sigurbjarnason* hefir játað að hafa verið með þeim Kristjáni, Jóni Einarssyni og Þorkeli í innbrotinu hjá Sigurði Hallssyni kaupmanni, sem að framan er frá skýrt.

Enn fremur hefir hann játað, að hafa verið með Kristjáni og Þorkeli um innbrotið í vörugæmsluhús Garðars Gíslasonar og benzintökuna þaðan.

Loks hefir ákærður játað, að hann í marsmánuði í ár hafi keypt 2 benzíndunka af Ámundínusi nokkrum Jónssyni, þótt hann vissi að þeir gátu ekki verið Ámundínusi frjálssir. Dunka þessa keypti hann báða fyrir 14 krónur, en seldi þá aftur 2 bifreiðarstjórum fyrir 25 krónur.

Ákærður *Jón Einarsson* hefir kannast við það, að hann hafi verið með þeim Kristjáni, Gústaf og Þorkeli í því að taka ákvörðun um innbrotið hjá Sigurði Hallssyni, en kveðst þá hafa verið mjög drukkinn og kemur það heim við framburð hinna. Verður að telja upplýst, að svo mikið hafi kveðið að því, að að honum verði ekki gefinn verknaðurinn að sök svo sem ef hann hefði verið allsgáður. Hinsvegar hefir hann játað, að hann eftir á hafi selt þýfið og fengið og hagnýtt sjer hluta af andvirði þess. Annað hegningarvert athæfi verður ekki talið sannað upp á þennan ákærða.

Ákærður *Helgi Skúlason* hefir játað, að hann hafi í samráði við Kristján Dada Bjarnason og eftir áeggjan hans tekið ýmsar vörur, svo sem gúmmístígvjel, karlmannsfatnað, vindla og súkkuladi, að ófrjálsum úr verslunarbúð föður síns, Skúla kaupmanns Einarssonar, á tímabilinu frá apríl til júlí í ár. Vörur þessar námu eftir framburði hans um 800 króna virði eftir búðarverði. Hann afhenti Kristjáni vörurnar í búðinni, er seldi þær langt undir verði, og eyddu þeir og aðrir drengir andvirðinu. Vörur þessar hefir ákærður síðar borgað föður sínum fullu verði með peningum, sem hann átti sjálfur.

Ákærður *Svedenborg Albert Ólafsson* hefir játað að það hafi orðið að samkomulagi milli sín og piltisins Ólafs Krisjáns-sonar, sem var búðarmaður við verslun Árna Eiríkssonar hjer í bænum, að ákærður skyldi kaupa af Ólafi eða selja fyrir hann vefnaðarvörustranga, er Ólafur stæli úr verslun þeirri, er hann

var í. Var drengurinn Bjarni Jón, bróðir ákærðs Kristjáns Daða Bjarnasonar, í fjelagi við ákærðan Svedenborg um þetta, og fjekk Kristján til að selja strangana aftur fyrir Svedenborg. Ákærður sótti svo í tveim ferðum í fyrra vor með viku millibili í bifreið samtals 7 vefnaðarvörustranga, er Ólafur tók úr vörugeymslu verslunar Árna Eiríkssonar í Höepfnerspakkhúsi hjer í bænum og afhenti ákærðum í nánd við pakkhúsið, og var Bjarni Jón með ákærðum í bæði skiftin. Fóru þeir svo með strangana heim til Kristjáns á Laugaveg 73, og seldi Kristján þá og borgaði ákærðum fyrir þá 300 krónur, en ákærður borgaði Ólafi aftur af þeim 250 krónur, eftir því sem hann befir skýrt frá. Þá hefir ákærður og játað, að hann hafi keypt eina tyllt af bómullarsokkum handa sjer af Bjarna Jóni þessum, þótt hann vissi að sokkarnir voru Bjarna Jóni ófrjálsir.

Ákærður *Brynjólfur Magnús Hannesson* hefir játað, að hann dag einn í vor, síðdegis, úti á götu, hafi keypt kvittaðan reikning frá verslun Árna Eiríkssonar á Jón heildsala Sivertsen að upphæð kr. 85,50 af áðurnefndum Ólafi Kristjánssyni, er sendur hafði verið til að heimta inn upphæðir þessa og annara reikninga frá versluninni, fyrir 50 eða 55 krónur, er hann borgaði Ólafi samstundis, þótt hann vissi, að Ólafi væri óheimilt að selja reikninginn. Skömmu síðar fjekk ákærður dreng til að fara með reikninginn og fjekk þá upphæð hans greidda að fullu.

Ákærður *Steingrímur Klíngenbergr Guðmundsson* hefir játað að hafa tekið við 20 krónum af peningum þeim, sem ákærður Siggeir Siggeirsson stal úr skrifstofum Guðm Kr. Guðmundssonar & Co. og neytt gödgerða, er keyptar voru fyrir þá, þótt hann vissi að Siggeir hafði stolið peningunum.

Ákærður *Guðjón Guðmundsson*, sem rak í fyrra vetur verslun í húsinu nr. 26 við Vesturgötu undir nafninu „Lagarfoss“, hefir kannast við það, að hann síðastliðinn vetur hafi keypt af piltinum Ólafi Kristjánssyni, sem hann vissi að var búðarmaður í verslun Árna Eiríkssonar: 2 kassa af sólskinssápu á 45 krónur hvorn, er í verslun Árna Eiríkssonar kostuðu 70 krónur, 2 karlmansregnkápur, er í versluninni kostuðu 75 krónur hvor, á 50 krónur, 2 kvenregnkápur, er kostuðu 56 krónur, aðra á 40 krónur en hina á 20 krónur, gardínutauspakka, 28—30 yards, á 40 krónur. Fyrir sama seldi ákærður og 2 pakka af ljerefti öðrum kaupmönnum fyrir c. 25 krónur hvorn, til þess að ná inn 30 króna skuld, er hann átti hjá Ólafi, því ákærður lánadi honum við og við peninga.

og dró lásupphæðirnar frá andvirði vara þeirra, er hann keypti af Ólafi, sem stal öllum vörunum úr verslun Árna Eiríkssonar.

Hjá drengnum Bjarna Jóni, sem ákærður vissi að var í heildsöluverslun Árna Benediktssonar, fjekk hann um 20 kassa af stykkjasápu og c. 3 metra af lasting í skiftum fyrir sælgætis- og munadurvörur úr búð sinni.

Ákærður hefir borið, að hann hafi trúað því „framan af“, að Ólafur fengi vörurnar út í reikning sinn í verlu Árna Eiríkssonar, en Bjarna Jón hafi haun grunað strax, og því haft miklu minni viðskifti við hann, og að hann hafi ekki selt sápu frá honum af því að sig hafi grunað að hún væri illa fengin. Drengirnir Ólafur og Bjarni Jón hafa borið, að ákærður hljóti að hafa vitað, að vörurnar væru stolnar, og ákærður Svedenborg, sem þá var búðarmaður hjá ákærðum Guðjóni, hefir borið, að ákærður Guðjón hafi vitað, hvornig vörurnar hafi verið til komnar, því hann hafi talað við sig um, að hættulegt mundi vera að eiga kaup við drengi þessa. Því munir þeir, sem þeir væru að selja, mundu vera stolnir.

Það þykir því nægilega upplýst í málinu, að ákærður Guðjón hafi vitað, að munir þeir, sem hann keypti af hinum nefndu drengjum og seldi fyrir Ólaf, væru stolnir.

Ákærður *Tómas Tómasson* hefir játað, að samákærður Kristján Daði Bjarnason hafi komið til sín á götu einu sinni í maímánuði í ár og boðið sér vefnaðarvöru til kaups. Fór hann heim til Kristjáns á Laugaveg 73 um kvöldið til að líta á vöruna og voru það 3 strangar, áteknir að því er ákærðum virtist, einn með gráleitu nankini, 45 yards, flonelsstrangi nær 50 yards og c. 20 yards af kjólataui. Varð það úr, að ákærður keypti stranga þessa af Kristjáni á kr. 1,80 pr. metra af nankiniou, kr. 1,75 pr. metra af flonelinu og kr. 1,50 pr. metra af kjólatauinu, og borgaði þá samstundis með fast að 200 krónum.

Ákærður hefir játað, að sjer hafi þótt salan grunsamleg og því spurt Kristján, hvaðan hann hefði vöruna, og hafi Kristján þá sagt, að hann hafi fengið hana „fyrir vinnu sína“, en þó ekki viljað tilgreina manninn, er hann fjekk hana hjá.

Þetta er nú í sjálfu sjer grunsamlegt; en þar sem ákærður hefir stöðugt neitað því, að sig hafi grunað að varan væri Kristjáni ófrjáls, og verð það, sem ákærður gaf fyrir vörurnar, er ekki svo lágt, að það hlyti að vekja grun um að varan væri

Kristjáni ófrjáls, og þar sem ákærður skýrði þegar í byrjun rjett og satt frá viðskiftunum, þykir ekki komin fram sönnun þess í málinu, að ákærður hafi haft þann grun um að varan væri Kristjáni ófrjáls, að hann með kaupunum á henni hafi gjört sig sekan í hilmingu, og verður því að sykna hann af ákæru rjettvisinnar í þessu máli og dæma hinum skipaða talsmanni hans, E. Claessen hrm., málsvarnarlaun af almanna fje.

Ákærður Ólafur Magnússon hefir játað tregðulaust, að hann síðastliðið vor hafi keypt af samákærdum Kristjáni 4 kassa með súkkulaði í fyrir 35 krónur, og nokkru síðar karlmannsfatnað fyrir 75 kr nur. Svo viðurkendi hann og 2. september í ár eftir áður í sama réttarhaldi að hafa þverneitað því, að hann hafi ennfremur keypt af Kristjáni þoka með einum gúmmistígvjelum, 5 peysum, tvennum buxum og einum trjeklossum, fyrir 85 krónur. Þá kannaðist ákærður og við í sama réttarhaldi, að hafa keypt hálfan vindlakassa af Kristjáni á 10 krónur og 4 primushausa af Siggeiri Siggeirseyni; er eigi ósennilegt, að hann hafi ekki munað eftir þeim viðskiftum fyrri en hann var mintur á þau. Hinum seldu munum hafði Kristján og Helgi Skúlason stolið úr búð Skúla Einarssonar, en Siggeir primushausunum frá Viðskiftafjelaginu.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki grunað Kristján um, að vörurnar væru honum ófrjálsar, heldur hafi hann haldið að vörurnar væru „brask“-vörur, og að það hafi vilt sjer sýn, að Kristján bauð honum vörurnar um hábjartan dag í fleiri manna viðurvist, og liggja eigi fyrir í málinu upplýsingar, er hnekka þessum framburði haas. Hinsvegar hefir ákærður kannast við, að eftir að Kristján var tekinn fastur í máli þessu, sem var 18. ágúst þ. á., hafi hann farið að gruna það, að vörurnar hefðu verið honum ófrjálsar, og að ástæðan til þess að hann neitaði fyrst í rjettarhaldinu 2. september í ár, að hafa keypt þokann af Kristjáni, hafi verið ótti fyrir að þokinn, með því sem í honum var, yrði tekinn frá sjer, ef hann skýrði frá kaupum sínum á honum, en með þessari neitun hefir ákærði að álitu rjettarins gjört sig sekan í hilmingu.

Ákærð Lydia Anna Steinunn Thejl, gift Magnúsi Guðmundssyni, Grettisgötu nr. 8, rekur verslun með álnavöru og hefir átt mikil viðskifti við samákærðu Siggeir og Kristján Daða. Hefir verið mjög erfitt að fá hjá henni ábyggilega skýrslu um viðskiftin, og hún stöðugt reynt að draga úr þeim. Þó hefir

hún ekki treyst sjer til að neita því, að skýrsla Siggeirs um viðskifti þeirra væri rjett, en eftir skýrslu Siggeirs byrjuðu viðskifti þeirra þannig, að kvöldið eftir fyrra innbrotið hjá Ámunda Árnasyni kaupmanni fóru þeir Kristján og hann með flauelsstrangann, er þeir tóku þar, heim til ákærðu. Kristján fór þó ekki lengra en að húsinu, en Siggeir barði á búðardyrnar, sem voru læstar. Lauk ákærða upp fyrir Siggeiri, sem hún þekti og vissi hver var, og bauð hann henni flaelið til kaups. Keypti hún það af honum fyrir 3 krónur alinina að því er hann segir, en mettrann að því er hún heldur fram, og styðst sá framburður hennar við framburð Kristjáns um það atriði. Setti ákærð sjálf verið á flaelið og kveðst stíð gjöra það, „ekki síst þegar hún eigi við svona bjána“, eins og hún komst að orði í rjettarhaldinu 7. september þ. á. Kveður hún Siggeir hafa byrjað á því að setja 12 krónur upp á mettrann, en svo látið flaelið á 3 krónur mettrann. Fyrst í því rjettarhaldi hjelt hún því fram, að flaelið hefði ekki verið meira en c. 5 metrar, en síðar var hún ekki föst á því. Siggeir heldur fram, að flaelið hafi verið um 20 álnir og hann fengið c. 60 krónur fyrir það Ámundi Árnason hefir borið, að saknað hafi verið úr búð sinni um þessar mundir stranga með 10—12 metrum af dökkbláu flaeli, er kostað hafi kr. 10,50 metrinna.

Næsta kvöld, að því er Siggeir minnir, fór hann með hina strangana, er teknir voru hjá Ámunda, og hann minnir að væru þrír eða fjórir, til ákærðu, seldi henni þá fyrir 50 krónur og kveðst sjálfur hafa sett það verð á þá. Síðar í fyrravetur kveðst Siggeir hafa selt ákærðu 6—7 vefnaðarvörustranga, er stolið hafði verið frá Árna Benediktssyni, einn eða tvo í einu, og fengið að því er hann minnir 30 krónur fyrir hvern af þremur þeirra, en minna fyrir hina. Þá kveðst hann og hafa selt henni 10 þör af bómullarsokkum, á krónu parið, silkitvinnakassa fyrir eina krónu og tvo kvenmannssilkiboli á 10 krónur hvorn og loks gefið henni tvo kassa af handsápu, og hafði öllum þessum vörum verið stolið frá Árna Benediktssyni.

Kristján Daði Bjarnason hefir skýrt svo frá, að viðskifti sín við ákærðu hafi byrjað svo, að hann hafi farið til ákærðu eftir að Siggeir, sem fór eina ferð til Ameríku með „Gullfoss“ seint í fyrravetur, var farinn í þá ferð, og sagt henni, að hann væri sendur af Siggeiri. Sagði ákærða Kristjáni þá, að hún hefði opna búð að eins milli kl. 3 og 8 á daginn, og að koma með

vörur, er hann vildi selja, fyrir eða eftir þann tíma; kveður hann það hafa komið fyrir, að hann hafi komið til ákærðu tvisvar sama daginn, í fyrra skiftið til þess að láta hana vita, að hann kæmi síðar um daginn með vörur. Ákærð hefir játað þetta satt og viljað skýra það svo, að hún hafi ekki viljað hefja sig frá búðarstörfunum á kaupunum við Kristján, en búðina hafi hún opnað svo seint á daginn til að geta sint húsverkum.

Kristján kveðst hafa selt ákærðu 3 eða 4 ljereftsstranga, líklega 5 stranga af „Crep“, 2 stranga af tvisttaui og  $\frac{1}{2}$ —1 dúsin af kvensokkum. Setti ákærð að sögn Kristjáns sjálf verðið á vöruna aðallega, og hafi það verið slumpaverð. Minnir hann að verðið væri 75 aurar fyrir metrann af tvisttaui, 50 aurar af ljerefti og 20 krónur stranginn af Crepinu. Kveður hann ákærðu hafa sagt, að hún vissi að vörur þessar væru frá Árna Benediktssyni, og að hún hafi ekki verið í vafa um að þær væru stolnar. Ákærð hefir dregið í efa, að hún hafi keypt svona mikla álnavöru af Kristjáni, en ekki treyst sjer til að gefa neina ábyggilega skýrslu um, hve mikið hún hafi keypt.

Þá hefir ákærður Kristján haldið því fram, að kvöldið eftir innbrotið hjá Sigurði Hallssyni hafi hann farið með þýfið (3 pakka af floneli á 45 metra pakkann, einn pakka, 13 metra, af kjólataui og tvönnu karlmannsskó eða stígvjel) til ákærðu og selt henni það á rúmar 100 krónur, er hann fjekk borgaðar samstundis. Ákærð hefir kannast við að hafa keypt álnavöruna og „dálitla hrúgu“ af vasaklútum fyrir 180 krónur, en „geymt“ stígvjelin fyrir Kristján.

Það er upplýst í málinu og játað af ákærðu, að skömmu eftir að hún hafði tekið við þessum vörum af Kristjáni hafi komið til hennar lögregluþjónn, skýrt henni frá innbrotinu hjá Sigurði Hallssyni og hverju hafi þá verið stolið og beðið hana að láta lögregluna vita, ef henni yrðu boðnar þær vörur. Neitaði ákærð því afdráttarlaust, að henni hefðu verið boðnar nokkrar grunsamlegar vörur til kaups, en lofaði að láta lögregluna vita tafarlaust, ef slíkt kæmi fyrir.

Rjett á eftir fór maður ákærðu til föður Kristjáns og sagði honum að vörur þær, er Kristján hefði selt konu sinni væru stolnar, og yrði kært yfir því til lögreglunnar, ef vöurnar yrðu ekki teknar frá henni aftur og andvirði þeirra endurgreitt. Fór Kristján þá til ákærðu, endurgreiddi henni 100 krónur af andvirði hinna seldu vara, og tók þá jafnframt stígvjelin, er ákærða

hafði geymt fyrir hann. Kveður Kristján sjer hafa virst strangarnir hafa rýrnað í vörslum ákærðu, en fyrir því er engin sönnun framkomin.

Sigurður Hallsson hefir skýrt svo frá, að flonelsmetrinn hafi kostað 2 krónur í verslun sinni, metrinn af kjólatauinu kr. 7,50. Telur hann kjólatauið muni hafa verið 35 metra, en Kristján kveðst hafa horft á það mælt af ákærðu og hafi það verið 13 metrar. Ákærða fortækur að það hafi verið 35 metrar, en gat enga ábyggilega skýslu um það gefið, hve margir metrar það voru.

Ákærða hefir játað afdráttarlaust, að hún hafi keypt vörurnar af Siggeiri og Kristjáni af því að hún hafi getað fengið þær ódýrari hjá þeim en annarsstaðar, en neitað því, að sig hafi grunað að þær væru stolnar, er hún keypti þær.

Ekki skýrði ákærða frá því í rjettinum, að lögreglan hefði sagt sjer frá innbrotinu hjá Sigurði Hallssyni, og hún neitaði að hafa orðið vör við hinar stolnu vörur þaðan, fyrri en hún var beint spurð um það og henni sýnd skýrsla lögregluþjónsins. Kveður hún aðalástæðuna til þess, að hún skýrði eigi lögreglunni frá vörukaupunum, hafa verið þá, að hún vildi hlífa móður Kristjáns við þeirri sorg, að sonur hennar kæmist í hendur lögreglunnar fyrir þjófnað, en játaði jafnframt að hún þekti hana ekkert, hefði ekki einusinni sjeð hana svo hún vissi, en hafði eftir manni sínum, að foreldrar Kristjáns ættu mörg smábörn.

Hinn skipaði talsmaður ákærðu hefir í vörn sinni fyrir hana lagt mikla áherslu á vörubrask, sem vitanlega hefir átt sjer stað hjá bænnum að undanfögnu, og svo hitt, að verð það, er ákærða gaf fyrir hina stolnu muni, hafi ekki verið svo lágt, að það út af fyrir sig vekti grun um að varan væri seljandanum ófrjáls.

Það er nú að vísu svo, að það getur verið nokkru hættara við að saklausu menn hendi það, að kaupa stolna muni á brask-tímum en ella, og að verðið, er varan er keypt á, getur út af fyrir sig gefið leiðbeiningu um, hvort hilmung liggi fyrir eða ekki. Hinsvegar nægir ekki að visa til þess sem sýknuástæðu, heldur verður að athuga hvert tilfelli fyrir sig og ráða að líkum um það, hvort sakborningur hafi haft vissu fyrir eða svo sterkan grun um, að munirnir væru ófrjálsir, að honum verði gefin hilmung að sök, því mjög sjaldgæft er að sakborningar fáist til að kannast beinlínis við það, að þeir hafi vitað að varan var ófrjáls.

Rjetturinn fær nú ekki betur sjeð, en að framburður ákærðu

í málinu í sambandi við alt framferði hennar, bæði á undan og meðan á rannsókn málsins stóð, og við það, sem á annan hátt er upplýst í því, sje þess næg sönnun, að hún hafi vitað, eða að minsta kosti haft svo sterkan grun á því, að vörur þær, er hún keypti af þeim Siggeiri og Kristjáni Daða, væru þeim ófrjálсар, að hún hafi gjörst sek í hilmingu.

Ákærða hefir t. a. m. kannast við, að hún hafi keypt vörurnar á kvöldin, eftir lokunartíma sölubúða, og jafnvel að hafa sagt Kristjáni, að koma á þeim tímum, er ekki var annara von. Hún hefir kannast við, að hafa sett sjálf verð á vöru þá, er hún keypti af þeim, og kveður það vana sinn, „ekki slst er hún eigi við svona bjána“. Hún hefir játað, að hafa gefið 3 krónur fyrir metranu af flaueli, sem kostaði kr. 10,50 í búð Ámunda Árnasonar og Siggeir byrjaði með að setja 12 króna verð á. Þeir Siggeir og Kristján stilla svo til, að ekki fari aðrir með þeim inn til ákærðu, þótt þeim sje fylgt að húsi hennar, því þeir vita að hún vill ekki hafa votta við. Hún hefir ekki borið á móti því, að Kristján hafi stundum komið til hennar til að láta hana vita að hann kæmi síðar með vörur sama daginn. Slumpaverðið, er hún setti á vörurnar frá Kristjáni. Viðurkenning hennar á því, að hún hafi keypt vörurnar af því að hún hafi getað fengið þær ódýrari en annarsstaðar. Framkoma hennar við lögregluþjónninn eftir að hún hafði keypt þýfið frá Sigurði Hallssyni og það, að hún heimtaði þá að kaupin gengju aftur, í stað þess að skila lögreglunni hinum stolnu vörum, og loks tregða hennar á að gefa sanna og rjetta skýrslu fyrir rjettinum um viðskifti sín við þá fjelaga. Alt þetta bendir svo ótvírætt í þá átt, að hún hafi vitað að vörurnar væru þeim ófrjálсар, að rjetturinn verður að telja sannað í málinu, að hún hafi gjörst sek í hilming með kaupum sínum og meðferð á þeim.

Ákærður *Niels Petersen*, sem kominn er yfir lögaldur saka-manna, og ekki hefir áður, svo kunnugt sje, sætt refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot, hefir játað, að hann í fyrra sumar hafi í tvö skifti keypt einn 60 metra tvisttausstranga af Siggeiri á 60 krónur hvorn. Þá hefir hann og kannast við að hafa keypt strigaskófatnað þann og vindlinga, er þeir Siggeir og Kristján Daði stálu frá Viðskiftafjelaginu, er þeir fóru þangað báðir, og segjast hafa selt honum, og fyrir það verð, er þeir skýrðu frá.

Ákærður hefir haldið því fram, að Siggeir hafi sagt sjer að hann væri að selja vörurnar fyrir „agent“, og að ákærður

gæti selt þær í hverja búð, er hann vildi. Hann á 5 börn og þarf því mikils með til heimilisins; verðið, sem hann gaf fyrir vöruna, ekki heldur tiltakanlega lágt, og hann gaf þegar í rjettinum af sjálfsdáðum skýrslu um viðskiftin. Þykir því verða að byggja á þeim framburði hans, er hann hefir staðfastlega haldið fram, að hann hafi ekki vitað eða grunað að vörunar væru ófrjálsar, og sýkna hann af ákæru rjettvisinnar í þessu máli.

Ákærður *Geir Pálsson*, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður verið refsað fyrir nokkurt hegningarlagabrot, er sömuleiðis sakaður um að hafa keypt stolna muni. Hann hefir játað að hafa keypt af Kristjáni Daða í júní síðastliðið sumar fyrir 60 krónur, gúmmístígvjel og peysu, er þeir Kristján og Helgi Skúlason höfðu stolið úr búð Skúla Einarssonar og síðar einn kassa af niðursöðinni mjólk á 40 krónur, er þeir Kristján og Ólafur Kristjánsson höfðu stolið frá Halldóri Eiríksyni heildsala.

Kristján bauð ákærdum vörur þessar um hábjartan dag og í fleiri mann viðurvist.

Þá hefir ákærður og kannast við að hafa haft talsverð viðskifti við Lárus nokkurn Lárusson, sem nýlega hefir verið dæmdur til refsingar fyrir hlutdeild í þjófnaði í öðru máli. Hinsvegar hefir ákærður haldið því fram, að Lárus þessi hafi sagt sjer, að hann hefði leyst borgarabryf og væri að byrja heildsölu, og hafi hann trúað því. Ákærður lagði sjálfur fram í rannsókninni gegn Lárusi ótilknúður reikning yfir viðskifti þeirra, og hefir um öll viðskifti sín við hann og Kristján Daða gefið sannar skýrslur tregðulaust. Verð varanna er heldur eigi tiltakanlega lágt, og viðskiftin hafa farið opinberlega fram í viðurvist annara. Verður því að taka trúanlegan framburð ákærðs um að hann hafi hvorki vitað nje grunað, að hinar umræddu vörur væru ófrjálsar, sýkna hann af ákæru rjettvisinnar í þessu máli og dæma hinum skipaða talsmanni hans, E. Claessen hrm., málsvarnarlaun af almannaþje.

Ákærður *Vidar Vík* hefir kannast við að hafa keypt af samákærdum Siggeiri Siggeirssyni í fyrrasumar og fram á haust 1 dúsin af karlmansokkum, 2 kassa af sokkaböndum, um 20 pakka af álvavöru, tvísttau og floneli, 10 þör af karlmanssærklæðnaði og 5 stakar buxur, og voru allar þessar vörur stolnar úr vörugeymslu Árna Benedikssonar heildsala.

Ákærður vildi í fyrstu ekki kannast við að hafa keypt nema

sokkaböndin og 15—18 stranga af álnavöru af Siggeiri og álnavöruna ekki nema í tvö skifti. Rak ákærður, er viðskiftin fóru fram, verslun á Laugaveg 44 í fjelagi við Markús Einarsson kaupmann, en stýrði henni einn um þessar mundir, því Markús Einarsson var fjarverandi. Voru þeir ákærður Gústaf Sigurbjarnarson og drengurinn Þorkell Ottesen í þjónustu verslunarinnar.

Kveður ákærður Siggeir hafa komið til sín í búðina og boðið sjer tvisttau til kaups; fjekk ákærður sýnishorn af því og sá strax að það var frá Árna Benediktssyni. Kveður hann Siggeir svo hafa komið með 5—6 pakka af tvisttaui og viljað selja sjer. Kveður ákærður sjer hafa þótt þetta grunsamlegt og spurt Siggeir, hvaðan hann hefði vöruna. Hafi Siggeir þá sagt, að hann stæði í sambandi við mann, sem seldi vindla og vindlinga og hefði Siggeir selt Árna Benediktssyni þess konar vörur fyrir mann þennan fyrir tvisttau, og ætti nú að koma því í peninga. Ekki kveðst ákærður hafa fengið að vita hver maður þessi var, og svo grunsamlegt fanst honum alt þetta, að hann kveðst hafa hringt í síma til Árna Benediktssonar og fengið það svar, að sjer væri óhætt að kaupa tvisttauið, og gert það því; svarið hafi slegið niðar grun sínum. Ákærður segir, að Siggeir hafi viljað fá 75 auru fyrir yardinn af tauinu, en hann hafi „prúttað“ verðinu niður í 62½ eyri pr. yard. Hjerumbil viku síðar kvað ákærður Siggeir hafa komið aftur og boðið tvisttau og flonel, og eftir að hafa fengið sýnishorn af flonelinu, er hann sé að var einnig frá Árna Benediktssyni, kveðst ákærður hafa keypt 10—12 pakka af þrenns konar tvisttaui og floneli af Siggeiri, er hafi komið með vöruna í tveim ferðum, er ekki fjellu sama daginn, og borgað mismunandi verð fyrir tvisttauið, þó ekki minna en 62½ eyri pr. yard, og, að því er hann minnir, 75—80 auru pr. yard af flonelinu. Ákærði skýrði og sjálfur frá því, að verðið á samskonar tvisttaui og hann keypti af Siggeiri, hafi á þeim tíma verið kr 0,99—1,30 pr. yard hjá Árna Benediktssyni, en um verðið á flonelinu hjá Árna vissi hann ekki. Í síðara skiftið, er ákærður kveðst hafa átt kaupin við Siggeir, kvaðst hann ekki hafa haft svo mikla peninga, að hann hafi getað borgað Siggeiri alla vöruna í peningum, heldur kveðst hann munu hafa borgað hjer um bil helminginn í peningum, en útá hinn helminginn hafi Siggeir tekið vörur smátt og smátt í búðinni, niðursoðna ávexti, vindlinga og þess háttar. Kveður ákærður Siggeir hafa sagt að hann hefði vörur þær, er hann seldi ákærðum, úr sama stað, og því hafi

hann ekki bringt til Árna Benediktssonar í síðara skiftið, er hann átti kaupin við Siggeir.

Siggeir hefir hinsvegar haldið því stöðugt fram, að hann hafi ekki selt ákærðum minna en 25 stranga af álnavöru og aldrei meira en tvo stranga í einu og stundum ekki nema einn stranga, og aðeins einu sinni kveðst hann muna eftir því, að hann hafi farið tvær ferðir sama daginn.

Gústaf Sigurbjarnason hefir borið það, að Siggeir hafi komið 8—10 sinnum með vörur til ákærðs og selt honum, og hefir ákærður ekki treyst sjer til að bera á móti því.

Þorkell Ottosen hefir borið, að hann hafi 3—4 sinnum flutt álnavörustranga, 9—10 alls, úr Hafnarstræti, þar sem vörugymsla Árna Benediktssonar var, heim til ákærðs fyrir Siggeir, og hefir ákærður játað það rjett vera.

Þá hafa þeir borið það fyrir rjettinum, Siggeir og Þorkell, að einu sinni hafi ákærður beðið Siggeir að láta sig fá vörur, og kveðst Siggeir hafa svarað því til, að hann nenti ekki að sækja hana. Hafi ákærður þá sagt, að þeir gætu farið í bifreið þeirri, er verslunin eða hann hafði yfir að ráða, og lagt til poka undir vöruna. Fóru þeir svo þrír í bifreiðinni, ákærður, Siggeir og Þorkell, niður að horninu á húsum Guðmundar Eiríkss heildsala við Hafnarstræti, og biðu þeir ákærður og Þorkell í bifreiðinni meðan Siggeir fór í vörugymslu Árna Benediktssonar, og sótti þangað 3 stranga af tvisttaui, óku svo allir þrír upp í verslun ákærðs með strangana og fjekk hann þá.

Ákærður hefir kannast við, að hann muni að þeir þrír, hann minni að drengurinn hafi verið með, hafi ekið í bifreiðinni niður að hinu umrædda horni, en hvert erindið hafi verið, kveðst hann ekki muna, og ekki heldur að hann hafi ekið heim vörum, er hann hafi keypt af Siggeiri, en úr því að þeir Siggeir og Þorkell muni þetta báðir, vilji hann ekki neita því, að skýrsla þeirra um þetta atriði sje rjett, en kveðst þá ekki hafa vitað að Árne Benediktsson hafði vörugymslu í Hafnarstræti. Hann hefir og játað, að Siggeir hafi oftast en einu sinni fengið lánaða hjá sjer poka, og eins hefir hann kannast við, að hann hafi 3—4 sinnum lánað Siggeiri peninga, og hefir ekki neitað, að lánsupphæðirnar hafi verið dregnar frá andvirði vara þeirra, er Siggeir kom með næst á eftir og seldi ákærðum.

Siggeir Siggeirsson hefir neitað því statt og stöðugt, að hann hafi sagt ákærðum, að hann hafi fengið álnavöruna hjá Árna

Benediktssyni fyrir vindla og vindlinga, en jatar að hafa sagt honum, að hann væri að selja vöruna fyrir annan mann. Þeir Siggeir og Kristján Daði, sem hafði stolið mestu af vöru þeirri í fjelagi við Siggeir, er Siggeir seldi ákærdum, hafa haldið því fram, að ákærður hafi vitað vel, að vörur þær, er hann keypti, væru illa fengnar og sumt af þeim tekið frá Árna Benediktssyni. Hafi hann stundum neitað að greiða þeim nokkuð fyrir það, er þeir færðu honum í það og það skiftið, nema þeir færu og sæktu meira, og stundum hafi hann hótáð að klaga þá og yfirleitt greitt þeim lítið fyrir vöruna. Siggeir hefir borið, að það muni hafa verið í kringum 1000 krónur, sem hann hafi fengið hjá ákærdum fyrir vörur frá Árna Benediktssyni, en sá framburður er auðsjáanlega byggður á ágiskun. Þá hefir Kristján Daði síðar í rannsókninni borið það, að hann hafi að eins einu sinni komið inn til ákærðs meðan Siggeir seldi honum stolna vöru, og hlýtur því framburður hans um framangreind atriði að byggjast á sögusögu Siggeirs.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki vitað eða sig grunað, að vörur þær, er hann keypti af Siggeiri, væru honum ófrjálsar.

Þessum framburði ákærðs verður þó að álitu rjettarins að hafna algjörlega.

Ákærður skýrði frá því þegar í fyrsta sinn, er hann mætti í rjettinum í máli þessu, að honum hafi fundist vöruframboð Siggeirs og sögusögn hans um það, hvaðan hann hafði vöruna, svo grunsamleg, að hann hafi hringt í síma vestur til Árna Benediktssonar, og fengið þær upplýsingar, að sjer væri óhætt að kaupa vörurnar. Síðar kvaðst hann hafa fengið að vita, að það hafi verið Kristján Daði Bjarnason, sem hafi svarað sjer í síma Árna, en það getur ekki hafa verið, því Kristján var þá fyrir löngu farinn úr þjónustu Árna, eftir framburði Sigurðar Snorrasonar, verslunarmanns hjá Árna. Virðist því óhætt að ganga út frá því, að þessi framburður ákærðs um hringinguna til Árna og svarið þaðan, sje uppspuni einu.

Þá kemur þeim saman um það, ákærdum og Siggeiri að Siggeir hafi sagt ákærdum, að hann væri að selja vöruna eða kom henni í peninga fyrir annan mann. En samt borgar hann Siggeir ekki nema um helminginn af þeirri vöru, er hann kveðst hafa keypt af honum í annað skiftið, er þeir áttu álnavörukaup saman, í peningum. Út á hinn helminginn tekur Siggeir smátt

og smátt sælgætis- og munadar-vörur úr búð ákærðs, og honum þykir það ekkert grunsamlegt.

Ákærður hefur sjálfur í rjettinum skýrt frá því, að ódýrasta tvístaustegundin, sem hann keypti af Siggeiri og vissi að var frá Árna Benediktssyni, hafi kostað í heildsölu hjá Árna 99 aura pr. yard, en honum þykir það ekki grunsamlegt, að Siggeir skul geta selt honum yardinn á 62½ eyri, meira en þriðjungi ódýrara en Árni, sem varan á að vera keypt hjá.

Ákærður hjelt því fram í fyrra sinni, er hann mætti í rjettinum, að hann hefði aðeins tvisvar keypt álnavöru af Siggeiri. Kveðst hann þá hafa verið farinn að gruna, að Siggeir stæli vörunum frá Árna og hætt öllum viðskiftum við hann, er oft hafi komið síðar að bjóða vörur.

Síðar í sama rjettarhaldi varð ákærður að kannast við, eða treysti sjer ekki til að neita því, að sá framburður Gústafs Sigurbjarnasonar væri rjettur, að hann, s: ákærður, hefði 8—10 sinnum gjört upp við Siggeir og borgað honum peninga fyrir keyptar vörur.

Gústaf Sigurbjarnason hefir skýrt frá því, að það hafi borið í tal milli sín og ákærðs í september í fyrra, að munir þeir, er Siggeir væri að selja, myndu vera ófrjálsir. Þessu hefir ákærður ekki neitað, en sagst ekki hafa viljað trúa því, að Siggeir væri þjófur, fyrri en í fyrravetur.

Þetta, sem nú hefir verið talið, í sambandi við framburðinn um bifreiðarferð þeirra ákærðs og Siggeirs, pokalánin og peningalánin af hálfu ákærðs til Siggeirs og framburð Siggeirs og Kristjáns Daða um, að ákærðum hafi verið kunnugt um, hvornig vörur þær voru tilkomnar, sem Siggeir seldi ákærðum, er að áliti rjettarins næg sönnun þess, að ákærður hafi vitað að vörurnar væru stolnar, eða haft þann grun um, að svo væri, að hann hafi gjörst sekur í hilmingu við kaupin á þeim.

Ákærður *Siggeir Siggeirsson* er fæddur 26. september 1902 og var því ekki orðinn 18 ára, er hann framdi afbrot sín. Hann, sem ekki hefir áður sætt refsingu eða ákæru fyrir nokkurt hegningarlagabrot, var veiklaður af blóðleysi í æsku og varð af þeirri ástæðu að hætta námi um stand. Prestur sá; er bjó hann undir fermingu, hefir vottað, að hann hafi verið mjög óþroskaður andlega og að sumu leyti beinlinis „defect“. Dómarinn hefir við rannsókn málsins komist að nokkuð líkri niðurstöðu um gáfnafar ákærðs. Hann virðist mjög minnisdaufur og „apathiskur“ og ekki

hafa þá tilfinningu fyrir athæfi sínu, sem búast hefði mátt við af pilti á hans aldri. Hann kveðst oft hafa verið undir áhrifum vins, er hann framdi afbrot sín, og er það sennilegt. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 18.—28. ágúst þ. á.

Brot hans heyra að álitu rjettarins undir 230. gr. og 231. gr., 4. lið, sbr. að miklu leyti 55. gr., og að því er primusvjelina snertir 45. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir nefndum hegningarlagagreinum, sbr. 138. gr. og með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga.

Ákærður *Kristján Daði Bjarnason*, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 18. ágúst til 11. september þ. á., en hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, er fæddur 31. janúar 1902 og var því ekki fullra 18 ára er hann drýgði sum framangreind brot sín. Þau heyra að álitu rjettarins undir 231. gr., 4. lið, og 230. gr., sbr. að miklu leyti 55. gr., svo og 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir þeim, sbr. að sumu leyti 38. gr. og með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 12 mánuði.

Ákærður *Gústaf Sigurbjarnason*, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 20. ágúst til 6. september þ. á., en hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. júlí 1901. Brot hans heyra að álitu rjettarins undir 231. gr., 4. lið, sbr. 55. gr., svo og 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 9 mánuði.

Ákærður *Jón Einarsson*, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 20. ágúst til 6. september þ. á., en ekki hefir sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, er fæddur 31. mars 1900 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Brot hans heyrir að álitu rjettarins undir 231. gr., 4. lið, sbr. 55. gr. laga, og þykir refsing hans eftir þeim, sbr. 40. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga.

Ákærður *Helgi Skúlason* er fæddur 3. desember 1901 og því kominn yfir lögaldur sakamanna, er hann framdi afbrot sín. Hann hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot en fengið besta orð. Brot hans heyra að álitu rjettarins undir 230. gr., sbr. 55. gr., hegningarlaga, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga.

Ákærður *Svedenborg Albert Ólafsson* hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot og er fæddur 18. nóvember 1899. Brot hans heyra að álitu rjettarins undir 230. gr., sbr. 55. gr. svo og 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Ákærður *Brynjólfur Magnús Hannesson* hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot og er fæddur 30. janúar 1900. Brot hans heyrir að álitu rjettarins undir 230. gr. sbr. 55. gr. hegningarlaga, og hegningin þykir hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Ákærður *Steingrímur Klíngenberg Guðmundsson* hefir hvorki sætt ákæru eða refsingu áður og er fæddur 28. september 1900. Brot hans heyrir að álitu rjettarins undir 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3 daga.

Ákærður *Guðjón Guðmundsson* er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir ekki verið refsað áður. Brot hans heyra að álitu rjettarins undir 230. gr., sbr. 55. gr., svo og 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Ákærður *Ólafur Magnússon* er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir hegningarlaga brot. Brot hans heyrir að álitu rjettarins undir 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Ákærð *Anna Lydia Steinunn Thejl* er komin yfir lögaldur sakamanna, og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu svo kunnugt sje. Brot hennar heyra að álitu rjettarins undir 240. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hennar, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Ákærður *Vidar Vík* er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann var með landsyfirrjettardómi, uppkveðnum 23. júní 1919, sýknaður af ákæru rjettvísinnar fyrir sviksamlegt athæfi, en hefir verið sektaður 7. apríl 1919 um 500 krónur fyrir bannlagabrot og 13. mars 1920 um 20 krónur fyrir lögreglusamþykktar brot. Fyrir önnur brot hefir hann ekki verið kærður eða honum refsað svo kunnugt sje.

Brot hans heyra að álitu rjettarins undir 240. gr. hegningar-

laganna, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin faugelsi við vatn og brauð í  $4 \times 5$  daga.

Sakir æsku hinna ákærðu, Siggeirs Siggeirssonar, Jóns Einarssonar, Helga Skúlasonar, Svedenborgs- Albert Ólafssonar, Brynjólfs Magnúasar Hannessonar og Steingríms Klingenbergss Guðmundssonar, svo og þess, að hjer er um fyrsta brot að ræða og; að því er sama snertir, fremur smávægileg, þykir mega ákveða, að refsing þeirra sje skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 16. nóvember 1907.

Iðgjaldskrafa hefir ekki komið fram í málinu frá öðrum en Sigurði kaupmanni Hallssyni. Gjörir hann kröfu til endurgjalds á krónum 587.50 fyrir það, er frá honum var stolið við innbrotið í búð hans. Á skadabótareikningi hans eru tilfærðir 35 metrar af bláu kjólataui á kr. 7,50 pr. metra, en eftir því, sem upplýst er í málinu, verður ekki talið sannað, að í kjólatauspakkanum hafi verið meira en 13 metrar, og hinir ákærðu hafa sjerstaklega mótmælt þessum lið reikningsins. Verður því að færa upphæð reikningsins niður um  $22 \times \text{kr. } 7,50 = \text{kr. } 165,00$  eða niður í kr. 422,50, en dæma hina ákærðu, Kristján Daða Bjarnason, Gústaf Sigurbjarnason og Jón Einarsson, sem ekki hafa getað mótmælt reikningnum að öðru leyti með rökum og sumpart beint samþykkt þann, til þess in solidum að greiða Sigurði Hallssyni þessa upphæð.

Að því er til málskostnaðar kemur, þá hefir hinn skipaði talsmaður ákærðs Siggeirs Siggeirssonar ekki krafist málsvarnarlauna og verða honum því ekki dæmd þau.

Málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns ákærðu, Tómasar Tómassonar og Geirs Pálssonar, sem eftir framanskráðu ber að greiða af almanna fje, ákveðast 50 krópur.

Ákærð Lydia Thejl greiði sjerstaklega hinum skipaða talsmanni sínum, E. Claessen hæstarjettarmálaflutningsmanni, málsvarðarlaun, er ákveðast 25 krópur.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, Siggeir Siggeirsson og Kristján Daði Bjarnason, in solidum að hálfu, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin önnur dómfeldu in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

